

# Vikufréttir

Vika 3 (11.01.2021 – 15.01. 2021)

## Mánudagur

- ✓ Nemendaverndarráðsfundur kl.14:00
- ✓ Í þessari viku verður prófað í lesfimi á unglingastigi.

## Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl.14:30

## Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl.14:30
- ✓ Ingvar Sigurgeirsson kemur í heimsókn á mið - og unglingadeild.
- ✓ Eineltisteymið fundar kl.13.30

## Fimmtudagur

- ✓ Stigsfundur á unglingastigi kl.14:30
- ✓ Ingvar Sigurgeirsson kemur í heimsókn á yngsta stig og list - og verkgreinar.
- ✓ Umhverfisteymið fundar kl.10:00

## Föstudagur

- ✓ Föstudagurinn dimmi

## Annað:

Ingvar Sigurgeirsson, sem mun koma í byrjun vikunnar, fylgist með skólastarfi og er til ráðgjafar fyrir kennara. Að lokinni heimsókn á hverju stigi fundar hann skólastjórnendum og kennurum

## Spakmæli:

„Þú veist að þú ert fullorðin þegar þú ert spennt fyrir því að fara heim“

## Val á unglingastigi

Ný reglugerð gerir okkur kleift að hefja aftur kennslu á valgreinum í skólanum. En þær eru hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Við höfum þó einnig verið með valáfanga á miðstigi sem eru líka að fara af stað.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur á námið miðað við áhugasvið og framtíðaráform.

Þessa dagana eru nemendur að velja sér námskeið til að fara á og að öllu óbreyttu getum við byrjað að kenna valið í næstu viku. Nemendur á miðstigi fá blað þar sem þeir geta merkt við þau námskeið sem þeir velja en nemendur á unglingastigi velja rafrænt.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og átti sig á inntaki þess námskeiðs sem þeir kunna að velja. Því er mælt með að nemendur afli sér sem besta upplýsinga og jafnvel fari yfir það með foreldrum sínum hvaða valáfanga þeir vilja fara í.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.  
Ábm.: Guðdís Jónsdóttir